

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri  
Dags. 13. október 2017  
Mnr. 2014050036



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - vegna fyrirspurnar um Norðurtanga

Bæjarstjóri var upplýstur um það 8. febrúar 2016 að Hraðfrystihúsið Norðurtanginn ehf. hefði veðsett fjárkröfu vegna mánaðarlegra leigugreiðslna Ísafjarðarbæjar fyrir húsnæði í Sundstræti 36 (Norðurtanga) samkvæmt leigusamningi. Um var að ræða formlega tilkynningu frá Íslandsbanka um að veðsetningu kröfunnar og að hana skyldi greiða inn á tilgreindan bankareikning sem væri handveðsettur bankanum. Ekki var farið fram á samþykki Ísafjarðarbæjar og það því ekki veitt.

Vegna húsaleigu í Norðurtanga hefur ekki verið greitt neitt til viðbótar því sem greitt var vegna Byggðasafns Vestfjarða fyrir mistök á árinu 2016, eða kr. 2.596.206,-. Orkureikningar hafa hinsvegar verið greiddir á þessu ári.